**FLÓAHREPPUR**
480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss

# Reglur vegna kjörs á íþrótta- og afreksfólki Flóahrepps

**1. gr.**
Val á íþrótta- og afreksfólki Flóahrepps skal kynnt á vorhátíðinni Fjör í Flóa ár hvert. Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps velur íþrótta- og afreksfólk Flóahrepps úr innsendum tilnefningum og leitar álits annarra aðila eftir þörfum.

**2. gr.**
Íþrótta- og afreksfólk Flóahrepps verður að vera í íþróttafélagi innan Íþrótta- og ólympíusambands Íslands og vera búsett í Flóahreppi eða keppa fyrir hönd íþrótta- eða ungmennafélags í sveitarfélaginu.

**3. gr.**
Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps skal sjá um að velja íþróttamann ársins hverju sinni úr hópi tilnefndra aðila.

**4. gr.**
Allir sem skrásettir eru innan Flóahrepps geta tilnefnt íþrótta- og afreksfólk til kjörsins og skal íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd auglýsa eftir tilnefningum árlega. Þeir sem stunda íþrótt sína utan sveitarfélagsins eru einnig kjörgengir en einungis er þó heimilt að velja einn aðila eða lið úr hverri íþróttagrein. Allar tillögur skulu rökstuddar. Tilnefnt íþrótta- og afreksfólk skal hafa náð 15 ára aldri á keppnisárinu.

**5. gr.**
Íþrótta- og afreksfólk Flóahrepps hlýtur við útnefningu farandbikar til eins árs og bikar til eignar.

**6. gr.**
Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd hefur heimild til að veita aukalega sérstaka viðurkenningu fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþrótta- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu og skal sú viðurkenning veitt á sömu hátíð og þar sem íþrótta- og afreksfólk er heiðrað.

**7. gr.**
Sérstakt boðsbréf skal sent út til þeirra íþróttamanna sem eru tilnefndir þar sem þeim er boðið til vorhátíðarinnar á þeim tíma sem viðurkenningar eru veittar.

**8. gr.**
Reglur þessar fella úr gildi fyrri reglur og bókanir um kjör á íþrótta- og afreksfólki ársins í Flóahreppi. Reglur þessar má endurskoða hvenær sem þörf þykir en skulu endurskoðaðar reglur teknar fyrir í sveitarstjórn Flóahrepps.

**9. gr.**
Sveitarstjórn skal halda lista yfir íþrótta- og afreksfólk Flóahrepps.

*Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 14.05.2024*

SVEITARSTJÓRI FLÓAHREPPS

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*